

# Bláskógafréttir

23. árgangur 8. tbl. ágúst 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir  
A.b.m: Ásta Stefánsdóttir

## Fjárréttir í Bláskógabyggð



Tungnaréttir í Biskupstungum verða laugardaginn 14. september kl. 9.00  
Heiðarbæjarrétt Þingvallasveit verður laugardaginn 14. september kl. 15.00  
Brúsastaðarétt í Þingvallasveit verður sunnudaginn 15. september kl. 17.00



## Tafir vegna fjárrekstra í Biskupstungum.

Föstudaginn 13. september og laugardaginn 14. september má búast við umferðartöfum á eftirtöldum vegum í Biskupstungum vegna fjárrekstra.

### Föstudaginn 13. sept

Biskupstungnabraut F35, milli Gullfoss og Geysis frá kl: 11:30 til 13:30.

Skeiða- og Hrunamannavegur F30, við Gýgjarhól milli kl: 14:00 og 15:30.

Einholtsvegur F358, frá Kjarnholtum að Tungnaréttum frá kl: 16:00 fram á kvöld.

### Laugardaginn 14. sept

Biskupstungnabraut F35 frá Vatnsleysu að Múla frá kl: 13:00 og fram eftir degi.

Einholtsvegur F358 frá Tungnaréttum að Gýgjarhólskoti frá kl: 13:00 og fram eftir degi.

Fjallskilanefnd Biskupstungna.

## Oddvitapistill

Nú er öll starfsemi sveitarfélagsins að komast í venjulegt horf eftir sumarfrí. Skólarnir fara að byrja og allt fer að komast í venjulega rúttíu hjá okkur öllum. Veðrið í sumar hefur nú ekki leikið við okkur, við verðum að vona og treysta að haustið verði gott og okkur hagstætt.

Ein af þeim þjónustum sem sveitarfélagið veitir íbúum er að sækja sorp á öll heimili og lögbýli í sveitarfélaginu. Gerður var samningur um sorphirðu við Íslenska gámafélagið að undangengnu útboði fyrir nokkrum árum. Á öllum heimilum á að flokka í fjórar tunnur eins og öllum er kunnugt um en það er: í bláu tunnuna á að setja pappír og pappa, í grænu tunnuna fer plast, brúna tunnuna er fyrir lífrænan úrgang og almennt sorp fer í gráu tunnuna. Mikilvægt er að öll flokkun sé með réttum og góðum hætti. Ef flokkun er ekki góð frá heimilunum þá fer sorpið í almennan flokk sem er dýrasti flokkurinn og þá fáum við t.d. ekkert framlag frá Úrvinnslusjóði, en greitt er sérstaklega fyrir pappír og pappa og plast frá sjóðnum. Sorpmálin er sá málaflokkur sem á að standa undir sér með þjónustugjöldum. Undanfarin ár hefur þessi málaflokkur verið rekinn með miklu tapi en þá er sveitarfélagið að greiða með honum. Í rauninni þyrfti að innheimta meiri þjónustutekjur frá heimilum og lögbýlum til að þessi málaflokkur væri rekinn með eðlilegum hætti. Við getum líka aukið og bætt okkar flokkun til að halda kostnaði í lágmarki en það er sú leið sem við ættum öll að taka höndum saman um. Með aukinni og betri flokkun náum við að minnka kostnað og svo er það náttúrulega miklu betra útfrá náttúruverndarsjónarmiðum að flokka betur, en þá er hægt að endurvinnna og endurnýta sorpið sem oft hefur verið talað um að sé ákveðin auðlind. Tökum því höndum saman og aukum og bætum okkar flokkun, það er hagar okkar allra.

Flest verk sem sveitarfélagið ætlar að ráðst í á þessu sumri eru á ágætis róli. Nú þegar allir iðnaðarmenn og verktakar eru að koma úr sumarfrí þá ætti það sem útaf stendur að klárast áður en vetur gengur í garð. Það eru ýmis stór verkefni sem á eftir að klára fyrir veturinn og má þar helst nefna gatnagerð, fráveituf framkvæmdir og orkuöflun.

Það er gaman að sjá baðlónið í Laugarási rísa þessa dagana, framkvæmdir eru á áætlan en stefnt er að opnun um mitt næsta ár. Þessi framkvæmd er ein stærsta einstaka framkvæmdin í Bláskógabyggð á þessu ári og þó víða væri leitað.

Íbúum Bláskógabyggðar er alltaf að fjölga, þegar þessar línur eru ritaðar erum við orðin samtals 1479. Það má því búast við því að við verðum komin yfir 1500 íbúa um eða upp úr áramótum.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

## Ökukennsla


B-réttindi, kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang [emmcemm@gmail.com](mailto:emmcemm@gmail.com)

### Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**  
s:865-4393 eða netfang [ellisifmb@gmail.com](mailto:ellisifmb@gmail.com).

### Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabyggd

### Grastorf til sölu.

Afhendist á Hjálmsstöðum í rúllum sem eru 10 - 20 fm að stærð. Verð  
650 kr. fm. + vsk.

Daníel Pálsson, 868-3037, Hjálmsstöðum

# M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bilamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límniðaprentun

**Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664**

## Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla  
Opíð er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.  
Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja  
við á skólatíma.



## Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í september 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. september 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is) eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.  
Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.**

**Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.**

**Lyfjaendurnýjun er á [heilsuvera.is](http://heilsuvera.is)**

Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímarpantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



## Bláskógabyggð

### Opnunartími gámasstöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámasstöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Fridag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámasstöðvunum.

## Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar

Sumaropnun er lokið í sundlaug og íþróttahúsi Bláskógabyggðar Laugarvatni Við ætlum að nýta tímann næstu tvær vikurnar fram að skólastarfi til að setja nýja hitalögn á sundlaugasvæðið, svo enginn detti nú í hálfu í vetur. Sundlaugin verður opin frá kl.13-21 í dag og á morgun 12-13.ágúst, lokum svo fram að helgi 24.ágúst. Það verður opið í líkamsræktina frá kl.10-22 mán-fim og frá kl.13-18 fös, lau og sun í vetur.

---  
Summer opening hours in pool and gym are finished We will be using the next two weeks until school starts, to put new snow melting pipes in the swimming pool area, to make it safe for winter. Today and tomorrow 12 and 13th August the pool will be open from 13-21, then we will close, and hopefully open again on the weekend of the 24th of August.  
The gym will be open mon-thu from 10-22, and from 13-18 fridays, saturdays and sundays this winter season.

Sumaropnun í Reykholtslaug er lokið Vetraropnunartímar eru sömu og voru síðasta vetur (með fyrirvara um aukna opnun ef áhugi reynist fyrir því)  
Sundlaug: mánudaga og miðvikudaga kl.14-20  
Þriðjudaga og fimmtudaga kl.14-22  
Föstudaga 13-17, laugardaga 10-18  
Líkamsrækt: Opnar kl.10 og lokar á sama tíma og sundlaugin.

-----  
Summer opening hours in pool and gym are finished Winter opening hours will be the same as last season (we might increase them if people are interested)  
Pool: Mondays and Wednesdays 14-20  
Tuesdays and Thursdays 14-22  
Fridays 13-17 and Saturdays 10-18  
Gym: Opens at 10 and closes at the same time as the pool.



Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



## Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: [vidhald.drattur@gmail.com](mailto:vidhald.drattur@gmail.com)

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

**HÓLABÚÐIN**



## Fella- og fjallgönguverkefnið: „Upp í sveit“

Sumarið 2024 eru 3 póstkassar með gestabókum settir upp í uppsveitunum.

Allar leiðirnar eru viðráðanlegar fyrir alla í fjölskyldunni.

Þema ársins eru áhugaverðir staðir, þá annað hvort vegna menningu og sögu eða náttúru.

Verkefnið er í gangi fram til 15. September.

- **Gömlu réttirnar við Tungufjótíð:** í Biskupstungunum, 1,5 km norðan við afleggjarann að fossinum Faxa og 1 km norðan við afleggjarann að gömlu brúnni yfir Tungufljót. Allir þessir þrír staðir eru fallegir og þess virði að skoða og upplifa. Réttirnar er flottur sögustaður og þar er upplýsingaskilti með myndum. Aðeins eru 300 metrar frá þjóðvegnum að réttunum. P-merki er við bílastæðið. (hækkun 3 m, vegalengd að réttunum 300 m, göngutími: 7 mín. í þúfum.
- **Selhöfði í Þjórsárdal** er einstök náttúruperla í skóginum með grillskýli og salernis aðstöðu. Hér hefur Skógrækt ríkisins (nú Land og Skógur) byggt upp flotta aðstöðu við Sandá. Þar má busla og vaða í góðu veðri á meðan grillað er. Einnig er hægt að taka hjólið með og hjóla um stígakerfið í skóginum. (hækkun 10 m, vegalengd að grillskýli 330 m, göngutími: 5 mín.)
- **Kóningsvegurinn í Högnastaðaás og gönguleiðir um ásinn:** á Flúðum. Bílastæði er í enda götu sem heitir Ásastigur, þar er skilti sem sýnir byrjunina á gönguleiðinni. Eftir að gengið um 80 m upp brekku þá er komið inná stígakerfið sem fer um skóginn. Þar ertu komin/n á Kóningsveginn en hann sést mun betur þegar komið er inni skóginn. Kóningsvegur var lagður 1906 og 1907 vegna komu Friðriks VIII Danakonungs. Rétt áður en komið er inni skóginn þá er stigur upp til hægri en þar uppi á opnu svæði með nestisbekk má finna póstkassa með gestabók. Þar er hægt er að ganga áfram og kemur þá eftir 300 metra göngu aftur niður á Kóningsveginn. Er þá hægt að ganga Kóningsveginn til baka að byrjunarreit. (hækkun 40 m, vegalengd allan hringinn 800 m, göngutími: 20 mín.)

Erfiðleikastig



### Hvar eru póstkassarnir?

QR-kóði nr. 1: hlekkur á kort (Google map) sem sýnir leiðirnar

QR kóði nr. 2: hér finnur þú upplýsingar um fell og fjöll sem hafa verið með síðustu árin.

Allt þetta má líka finna á: <http://www.sveitir.is/heilsueflandi- uppsveitir/fellaverkefni>

Vinsamlegast bóúið ekki til vörður og takið allt rusl með ykkur ☺

Takið gjarnan mynd af ykkur og merkið á samfélagsmiðlum með myllumerkinu:

#uppsveitir

Góða ferð!

